

Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um að staða fólks á fjárhagsaðstoð verði könnuð

Lagt er til að staða fólks á fjárhagsaðstoð verði könnuð sérstaklega. Markmiðið með því er að kanna sérstaklega reynsluheim og aðstæður fólks á fjárhagsaðstoð. Árið 2024 voru 2.959 einstaklingar á fjárhagsaðstoð til framfærslu og flestir notenda eru karlar. Árið 2021 voru konur á fjárhagsaðstoð 898 en karlar 1.535. Árið 2023 voru konur á fjárhagsaðstoð 1.446 og karlar 1.814. Því er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á að kanna hvers vegna karlar eru líklegri en konur til að vera notendur fjárhagsaðstoðar.